



Ólafur Gíslason & Co. hf.
Eldvarnamiðstöðin

Sundaborg 7, 104 Reykjavík
www.olafurgislason.is - oger@oger.is

Gangsetning og tenging Numens 205 þráðlausa reykskynjarans.

Athugið að lesa bæklinginn sem fylgir reykskynjaranum.

Gangsetning

Takið plast af rafhlöðu svo hún tengist skynjaranum og gefi honum rafmagn. Til að virkja reykskynjarann, haldið niðri Prófun/Þöggun (Test/Silence) hnappnum í 3 sekúndur og þá blikkar LED ljósið hratt. Þegar LED ljósið blikkar sleppið hnappnum. Reykskynjarinn gefur þá eitt píp til staðfestingar.

Uppsetning þráðlausrar tengingar.

Virkið skynjarann (sjá Gangsetning fyrir ofan).

Verið viss um að nægt rafmagn sé á þeim skynjurum sem tengja á.

Setjið skynjarann í hóp-ham með því að ýta og sleppa prófunar hnappnum 5 sinnum innan 5 sekúndna. Skynjarinn gefur þá stutt píp hljóðmerki og rautt LED ljós mun blikka á hálfar sekúndu fresti. Skynjarinn mun haldast í hóp-ham í 50 sekúndur (nema slökkt sé á hamnum innan þess tíma).

Til að bæta skynjara við hópinn skal ýta og sleppa prófunar hnappnum 2 sinnum innan 2 sekúndna. Rauða LED ljósið mun blikka á hálfar sekúndu fresti. Skynjarinn gefur þá stutt píp hljóðmerki til staðfestingar tengingunni.

Endurtakið síðasta lið til að bæta við fleiri skynjurum við hópinn.

Aftenging úr hóp.

Til að aftengja skynjara úr hóp skal ýta og sleppa prófunar hnappnum 8 sinnum innan 5 sekúndna. Skynjarinn gefur þá frá sér tvö píp hljóðmerki og rautt LED ljósið blikkar tvisvar til að staðfesta aftenginguna.

Til að prófa skynjara. (Notið heyrnarhlífar vegna mikils hávaða).

Ýtið og haldið prófunar hnappnum inni í 3 sekúndur.

Skynjarinn gefur þá frá sér hljóðmerki (hálf sek. hljóð / hálf sek. þögn) og rautt LED ljós blikkar á 1 sek. fresti.

Á tengdum skynjurum athugið hvort þeir gefi hljóðmerki (hálf sek. hljóð / hálf sek. þögn) og rautt LED ljós blikkar.

Sleppið prófunar hnappnum til að þagga í skynjaranum og þá fer hann í venjulegan ham.

ATH. Skynjararnir geta tekið allt að 10 sekúndur til að þagna

Endurtakið skref ofangreind skref fyrir hvern skynjara.